

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2016/EES/29/23

nr. 56/2015

frá 20. mars 2015

## um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1291/2014 frá 16. júlí 2014 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á þiljum sem eru unnar úr viði samkvæmt EN 13986 og gegnheilum viðarþiljum og klæðningum samkvæmt EN 14915 að því er varðar brunavarnarhæfni þeirra, þegar þær eru notaðar í vegg- og loftklæðningu <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1292/2014 frá 17. júlí 2014 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á tilteknu óhúðuðu viðargólfefni samkvæmt EN 14342 með tilliti til viðbragða við bruna <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1293/2014 frá 17. júlí 2014 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á bendineti og styrkingum úr málm til gifshúðunar innanhúss, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 13658-1, á bendineti og styrkingum úr málm til gifshúðunar utanhúss, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 13658-2, og á skraut- og styrktarlistum úr málm, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14353, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna <sup>(3)</sup>.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2q (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2013) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „2r. **32014 R 1291**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1291/2014 frá 16. júlí 2014 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á þiljum sem eru unnar úr viði samkvæmt EN 13986 og gegnheilum viðarþiljum og klæðningum samkvæmt EN 14915 að því er varðar brunavarnarhæfni þeirra, þegar þær eru notaðar í vegg- og loftklæðningu (Stjtið. ESB L 349, 5.12.2014, bls. 25).
- 2s. **32014 R 1292**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1292/2014 frá 17. júlí 2014 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á tilteknu óhúðuðu viðargólfefni samkvæmt EN 14342 með tilliti til viðbragða við bruna (Stjtið. ESB L 349, 5.12.2014, bls. 27).
- 2t. **32014 R 1293**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1293/2014 frá 17. júlí 2014 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á bendineti og styrkingum úr málm til gifshúðunar innanhúss, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 13658-1, á bendineti og styrkingum úr málm til gifshúðunar utanhúss, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 13658-2, og á skraut- og styrktarlistum úr málm, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14353, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna (Stjtið. ESB L 349, 5.12.2014, bls. 29).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 349, 5.12.2014, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 349, 5.12.2014, bls. 27.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 349, 5.12.2014, bls. 29.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) nr. 1291/2014, (ESB) nr. 1292/2014 og (ESB) nr. 1293/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.